

**139. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fjarfundi,
11. nóvember 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundur haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

Fyrir tekið:

1. 2009162 - Fjárhagsáætlun 2021 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2022-2024

Fjárhagsáætlun 2021, lögð fram.

Borgeir Hafsteinn Jónsson fjármálastjóri og Kristjana Helga Ólafsdóttir verkefnastjóri mættu á fundinn og sátu hann undir þessum lið.

Forsendur fjárhagsáætlunar 2021 velferðar- og mannréttindasviðs kynnt.

2. 2006313 - Skammtímadvöl - könnun

Skammtímadvöl upplýsingar um starfshætti.

Velferðar- og mannréttindaráð felur sviðsstjóra að vinna málið áfram.

3. 2006135 - Mánaðar- og árshlutauppgjör 2020

Stöðumat á fjárhagsstöðu velferðar- og mannréttindasviðs fyrstu 9 mánuði ársins 2020.

Borgeir Hafsteinn Jónsson fjármálastjóri og Kristjana Helga Ólafsdóttir verkefnastjóri mættu á fundinn og sátu hann undir þessum lið.

Stöðumat á fjárhagsstöðu velferðar- og mannréttindasviðs fyrstu 9 mánuði ársins 2020 lagt fram til kynningar.

Fundargerð samþykkt af öllum fundarmönnum með rafrænum hætti. KS, AÞÞ, EB, SK og SH.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.